

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. júlí 2009
Tilvísun: UST20090600130/ksj

Stækkun urðunarstaðarins við Klofning, Önundarfirði, Ísafjarðarbæ

Við er til erindis Skipulagsstofnunar þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum stækkun á sorpurðun við Klofning, Önundarfirði, Ísafjarðarbæ þ.e. áfangi 2, skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Áætlað er að í 2. áfanga urðunarstaðarins við Klofning í Önundarfirði verði urðuð aska frá sorpbrennslustöðinni Funa á Ísafirði ásamt urðun á óbrennanlegum úrgangi frá Ísafjarðarbæ. Framkvæmdaraðili og eigandi er Ísafjarðarbær. Áætlaður nýtingartími 2. áfanga urðunarstaðarins er 13 ár.

Urðunarstaðurinn við Klofning er um 1,5 km utan við Flateyri. Óbrennanlegur úrgangur hefur verið urðaður við Klofning síðastliðin ár. Árið 1994 var unnið mat á umhverfisáhrifum vegna urðunarstaðarins og er úrskurður Skipulagsstofnunar frá 1995, sem tók eingöngu til 1. áfanga urðunarstaðarins.

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar er 8.400 fermetra svæði í gamalli malarnámu og liggur við hlið núverandi urðunarstaðar, þ.e. 1. áfanga. Svæðið er afgirt og lokað almenningi, enda ekki gert ráð fyrir að starfsmenn verði á staðnum að staðaldri. Samkvæmt skýrslu er fylgir erindinu er gert ráð fyrir að um 500 tonn af úrgangi verði urðaður á ári hverju á Klofningi, en sótt er um starfsleyfi fyrir allt að 1000 tonnum.

Rannsóknir

Í umfjöllun um rannsóknir kemur fram að árið 2000 hafi Náttúrustofa Vestfjarða unnið greinargerð um lífríki fjörunnar neðan urðunarstaðarins. Í greinargerðinni kemur fram að lífríki fjörunnar og nálægra botnsvæða stafi lítil sem engin hætta af urðunarstaðnum. Einnig kemur fram að tekin hafa verið sýni úr lækjarvatni neðan urðunarstaðarins fram að 2005. Ómögulegt er að vita með vissu hversu vel þessi sýni endurspeglu útskolun frá urðunarstaðnum og er ljóst að mun gleggri mynd fengist af útskolun efna frá honum ef mæld væri efnasamsetning óblandaðs sigvatns.

Starfsleyfi

Eins og fram kemur í skýrslu er fylgir erindinu er framkvæmd annars áfanga urðunarstaðarins háð starfsleyfi, enda eru urðunarstaðir ávallt starfsleyfisskyldir. Samkvæmt meðfylgjandi drögum að að starfsleyfistillögu verður í nýju starfsleyfi gerð krafa um botnþéttingu urðunarreina og að sigvatn verði safnað og það hreinsað áður en það fer í sjó, í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 738/2000 um urðun úrgangs.

Sjónræn áhrif og útvist

Í útdrætti úr aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020 sem nú er á síðustu vinnslustigum kemur fram að urðunarstaðurinn við Klofning er íbúum á Flateyri til ama vegna sjónmengunar á útvistarsvæði og vegna rusls á viðavangi sem tengt er urðunarstaðnum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að unnið sé að bótum varðandi þessa þætti.

Flokkun

Í kafla um framkvæmdalýsingu nánar tiltekið leiðir, kemur fram eftirfarandi: „*Gert er ráð fyrir að í náinni framtíð verði byggð flokkunarstöð við Funa og því mun allur úrgangur sveitarfélagsins flokkaður þar.*” Í útdrætti úr aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020 kemur eftirfarandi fram: „*Jafnframt er gert ráð fyrir urðun úrgangs við Klofning á Flateyri. Þar bætist einnig við flokkunarstöð.*” Hér gætir misræmis milli skýrslu um stækkun urðunarstaðar við Klofning, Önundarfirði og aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020. Umhverfisstofnun bendir á skv. meðfylgjandi drögum að starfsleyfistillögu er ekki gert ráð fyrir flokkunarstöð við Klofning.

Niðurstaða

Áætlað er að taka í notkun 2. áfanga urðunarstaðar við Klofning í Önundarfirði. Urðunarstaðurinn er í gamalli efnisnámu og er svæðið nú þegar raskað. Í skýrslu eru færð rök fyrir litlum umhverfisáhrifum 1. áfanga urðunarstaðarins með því að vísa til mælinga á efnasamsetningu vatns úr lækjum í nágrenni urðunarstaðarins og eru nýjustu mælingar frá árinu 2005. Umhverfisstofnun dregur í efa að niðurstöður þessara mælinga gefi rétta mynd af ástandi svæðisins eða þeim áhrifum sem urðunarstaðurinn hefur á umhverfi sitt þar sem þetta vatn er óskilgreind blanda af sigvatni og grunnvatni. Til að gefa raunsanna mynd af ástandi svæðisins þyrfti að mæla efnasamsetningu grunnvatns fyrir ofan og neðan urðunarstaðinn og jafnvel efnasamsetningu jarðvegsins fyrir neðan hann þar sem náttúruleg síun sigvatns hefur orðið. Þar sem um framtíðarurðunarstað er að ræða telur Umhverfisstofnun að bæta verði meðhöndlun sigvatnsins. Með söfnun og hreinsun sigvatns, eins og gert er ráð fyrir í meðfylgjandi drögum að starfsleyfistillögu, yrði þessi náttúrulega síun ekki lengur við líði, heldur tekin upp hreinsun sigvatns undir eftirliti og hægt yrði að fylgjast betur með efnasamsetningu þess sigvatns sem frá urðunarstaðnum kæmi. Verði útgefið starfsleyfi í samræmi við áður nefnd drög er því um mikla framför við meðhöndlun sigvatns að ræða og í ljósi þess telur Umhverfisstofnun ekki þörf á frekari rannsóknum á efnasamsetningu grunnvatns umhverfis staðinn áður en að endurnýjun starfsleyfis kemur. En verði starfsleyfið ekki í samræmi við drögin og meðhöndlun sigvatns verði með sama hætti og verið hefur, telur Umhverfisstofnun að rannsaka verði betur áhrif sigvatnsins á umhverfi urðunarstaðarins.

Umhverfisstofnun bendir á viðbragðsáætlun, sem tekur á mögulegri bráðamengun frá urðunarstaðnum, þarf að vera til staðar og í samræmi við lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Með hliðsjón af ofangreindu telur Umhverfisstofnun að 2. áfangi urðunarstaðar við Klofning muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllst
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur



Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri

Afrit: Ísafjarðarbær